

Nd. **482. Frumvarp til laga** **[176. mál]**

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir 1. málgr. 37. gr. laganna kemur ný málgr., svo hljóðandi:

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv. til laga um vistheimili fyrir stúlkur eftir 2. umr. í Ed. Vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á því frv., þykir eðlilegra, að ákvæði þess séu felld inn í lög nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna. Er því frv. þetta flutt.